# Ársskýrsla Grundarfjarðarbæjar 2005



# Vertu í sambandi

Nánari upplýsingar um stofnanir og helstu verkefni bæjarins, ásamt fréttum úr bæjarlífinu, er að finna á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar, www. grundarfjordur.is

Upplýsingar um starfsemi bæjarins eru einnig veittar á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar. Starfsfólk fagnar ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara.

Bæjarskrifstofa Grundarfjarðarbæjar
Grundargötu 30
350 Grundarfirði

Sími: 430-8500
Fax: 430-8501
netfang: grundarfjordur@grundarfjordur.is

www.grundarfjordur.is

Bæjarskrifstofan er opin
mánudaga - fimmtudaga frá kl. 9.30-15.30
og föstudaga frá kl. 9.30-14.00

Viðtalstímar bæjarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa eru frá kl. 10.00-12.00.

# Ársskýrsla Grundarfjarðarbæjar 2005

## Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Forstöðumenn í maí 2006 | 2 |
| Ávarp bæjarstjóra | 3 |
| Starfsemin á árinu | 4 |
| Yfirstjórn bæjarins | 4 |
| Stjórnsýsla og fjármál | 5 |
| Fræðslu- og menningarmál | 6 |
| Íþrótta- og tómstundamál | 9 |
| Félagsþjónusta og heilbrigðismál | 11 |
| Framkvæmda- og tæknimál | 12 |
| Grundarfjarðarhöfn | 14 |
| Tölulegar upplýsingar | 16 |
| Ársreikningur 2005 | 18 |
| Rekstrarreikningur 2005 | 19 |
| Efnahagsreikningur 31.12.2005 | 20 |
| Yfirlit um sjóðstreymi árið 2005 | 22 |
| Skýringar með ársreikningi | 23 |
| Bæjarstjórn og nefndir í maí 2006 | 32 |

# Forstöðumenn í maí 2006



**Bæjarstjóri og hafnarstjóri**
Björg Ágústsdóttir

**Skipulags- og byggingarfulltrúi**
Jökull Helgason

**Skrifstofustjóri**
Björn Steinar Pálmason

**Safnvörður Bókasafns Grundarfjarðar**
Sunna Njálsdóttir

**Forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Eden**
Þorbjörg Guðmundsdóttir (í orlofi),
Þóra Margrét Birgisdóttir leysir hana af

**Stjórnendur Leikskólans Sólvalla**
Sigríður Herdís Pálsdóttir, leikskólastjóri
Matthildur S. Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

**Stjórnendur Grunnskóla Grundarfjarðar**
Anna Bergsdóttir, skólastjóri
Ragnheiður Þórarinsdóttir, aðstoðarskólastjóri

**Skólastjóri Tónlistarskóla Grundarfjarðar**
Þórður Guðmundsson

**Slökkviliðsstjóri og umsjónarmaður fasteigna**
Gunnar Pétur Gunnarsson

**Verkstjóri áhaldahúss**
Valgeir Magnússon

**Hafnarvörður**
Hafsteinn Garðarsson



# Ávarp bæjarstjóra

Eins og fyrri ár var athafnasemin í fyrirrúmi hjá Grundfirðingum á árinu 2005, hvort sem litið er til fyrirtækja, einstaklinga eða bæjarins. Mætti því spyrja hvort það séu ekki hætt að teljast sérstök tíðindi að bærinn byggist upp, atvinna sé næg og íbúum fjölgi. Grundfirðingar hafa með framtakssemi, áræði og bjartsýni byggt upp þetta samfélag. Þó er okkur hollt að muna að við búum við lífsgæði sem ekki þykja allsstaðar sjálfsögð, sannarlega ekki úti í hinum stóra heimi og jafnvel ekki í öllum byggðarlögum á Íslandi.

Í þessari ársskýrslu leggjum við upp í lítið ferðalag og reynum að svipast um á liðnu ári. Fyrst og fremst er horft til viðfangsefna og fjárhagslegrar stöðu bæjarins, en minningarbrot um ýmsa viðburði úr bæjarlífinu fá að fljóta með.

Eitt stærsta verkefni bæjarins á árinu var án efa hitaveituverkefnið; orkurannsóknir og borun eftir heitu vatni á fyrri hluta ársins og samningur við Orkuveitu Reykjavíkur í september um yfirtöku verkefnisins. Í ljós kom þó að ýmsar áskoranir felast í verkefninu. Efnasamsetning vatnsins gerir nýtingu þess erfiða og bora þarf aðra vinnsluholu til að fá nægilegt magn af heitu vatni og tryggja öryggi væntanlegrar hitaveitu.
Í samningnum við Orkuveituna felst að Grundfirðingar munu kaupa heita vatnið á sama verði og í Reykjavík sem þýðir umtalsverða lækkun húshitunarkostnaðar íbúa.

Bæjaryfirvöld hvöttu til nýbygginga eftir föngum þar sem húsnæðisskortur var nokkuð áberandi. Úthlutað var tæpum 30 lóðum og hafa lóðaúthlutanir sjaldan eða aldrei verið fleiri. Ekki er þar með sagt að byggingarframkvæmdir fari af stað á öllum lóðunum, en vonir standa til að byggt verði á verulegum hluta þeirra á árinu 2006.

Ánægjulegur viðsnúningur varð í rekstri bæjarins, en rekstrarafgangur var 15,6 millj. kr. Afkoman hefur batnað um 23,4 millj. kr. frá 2004 en þá var rekstrarhalli um 7,8 millj. kr. Frá árinu 2003 hefur afkoman batnað um 47 millj. kr.

Á tíma hrikti í stoðum meirihlutasamstarfs í bæjarstjórn en að öðru leyti má minnast ársins 2005 sem ársins sem Snæfellingar höfnuðu sameiningu sveitarfélaga á Nesinu í kosningum og Vestlendingar skrifuðu undir menningarsamning við ríkið. Þetta var árið sem við héldum íbúaþing um skipulagsmál og málefni fjölskyldunnar og hófum viðamikla skipulagsvinnu með Zeppelin arkitektum og vinnu við fjölskyldustefnu. Þetta var árið sem hafist var handa við stækkun leikskólans og árið sem Kolgrafafjarðarbrú var formlega vígð. Á árinu undirbjuggum við ýmsar stórar framkvæmdir eins og landfyllingu við Norðurgarð og nýja bryggju í stað litlu bryggju, auk þess sem höfnin átti metár í lönduðum afla. Grundfirðingar bjuggu við gott atvinnuástand og íbúum fjölgaði um 4%. Á árinu voru Grundfirðingar einstaklega framtakssamir í menningarmálum, en það telst þó ekki nýmæli.

Þegar litið er yfir starfsemi bæjarins á árinu vil ég nota tækifærið og þakka starfsfólki bæjarins fyrir vel unnin störf á árinu.

Við Grundfirðingar getum verið þakklát fyrir gjöfult ár og ánægð með þau tækifæri sem við höfum skapað okkur. Við höfum búið í haginn fyrir mörg framfaramál og höfum það hlutverk að fylgja þeim eftir af einurð og festu.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri



## Grundfirðingar aldrei fleiri!

Íbúar í Grundarfirði hafa aldrei verið fleiri en við árslok 2005. Þá var íbúafjöldinn 975 manns. Í árslok 2004 voru íbúar 936 og fjölgaði því um 4% á einu ári. Fjölgun á Vesturlandi var rúmlega 3% á árinu og á landinu öllu rétt rúm 2%. Í árslok 2005 voru 35% íbúa á aldrinum 0-19 ára, 27% voru á aldrinum 20-39 ára, 27% á aldrinum 40-59 ára og 11% íbúa voru 60 ára og eldri. Kynjaskipting íbúa var mjög jöfn, karlar 51% og konur 49%.



# Yfirstjórn bæjarins

## Bæjarstjórn

Bæjarstjórn fer með stjórn bæjarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn og fundarsköp Grundarfjarðarbæjar. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem hún hefur ekki falið hana öðrum. Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, annan fimmtudag hvers mánaðar, nema í júlí og ágúst, og eru bæjarstjórnarfundir opnir öllum.

Á yfirstandandi kjörtímabili er bæjarstjórn Grundarfjarðar skipuð þremur fulltrúum Sjálfstæðismanna, tveimur fulltrúum Framsóknarfélags Grundarfjarðar, einum fulltrúa frá lista óháðra í Grundarfirði og einum fulltrúa af lista Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs og óflokksbundinna.

## Bæjarráð

Bæjarráð er skipað þremur fulltrúum sem kosnir eru á júnífundi bæjarstjórnar ár hvert úr hópi aðalmanna í bæjarstjórn. Bæjarráð fundar á milli bæjarstjórnarfunda og í sumarhléi bæjarstjórnar. Fundir bæjarráðs eru lokaðir en fundargerðir þeirra eru opinberar og eru birtar á vef bæjarins skömmu eftir fundi. Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

## Bæjarskrifstofan

Á bæjarskrifstofu er skrifstofuhald fyrir nánast alla þjónustu bæjarins. Þjónustan snýr að bæjarbúum og viðskiptavinum bæjarins, að stofnunum og starfsfólki bæjarins og bæjarstjórn. Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann hefur á hendi framkvæmd ákvarðana







bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins. Skrifstofustjóri er staðgengill bæjarstjóra.

# Stjórnsýsla og fjármál

Helstu verkefni bæjarskrifstofu eru stjórnsýsla og fjármál. Í því felst umsjón og eftirlit með daglegum fjármálalegum rekstri, álagning fasteignagjalda, innheimta, móttaka og umsjón með uppáskrift reikninga, færsla bókhalds, svörun erinda og afgreiðslna bæjarstjórnar og nefnda, starfsmannahald og útborgun launa, húsnæðismál, ásamt annarri þjónustu og upplýsingagjöf sem fram fer á skrifstofu bæjarins. Bæjarskrifstofan annast upplýsingamiðlun og uppfærslu á bæjarvefnum www.grundarfjordur.is
Á bæjarskrifstofu er umboð fyrir Svæðisvinnumiðlun Vesturlands og þar fer fram atvinnuleysisskráning. Ennfremur er þar umboð fyrir Hagstofu Íslands vegna lögheimilisskráningar o.fl.
Bæjarskrifstofan sér um bókhald fyrir Jeratún ehf. sem á og leigir út húsnæði Fjölbrautaskóla Snæfellinga og um útborgun launa fyrir Héraðsnefnd Snæfellinga, nefndir og starfsmenn.

## Starfsmannamál

Á árinu voru 227 aðilum greidd laun, starfsmönnum í föstum störfum, hlutastörfum og nefndum, alls að fjárhæð 231 millj. kr. Ársverk voru 64. Konur eru mikill meirihluti starfsmanna bæjarins eða um 85%. Skrifstofustjóri fer með starfsmannahald ásamt bæjarstjóra og launafulltrúi sér um að safna upplýsingum sem tengjast vinnu starfsmanna, um útreikning og útborgun launa.

## Fjármál

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt upp í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. Í A-hluta er sú starfsemi sveitarfélagsins sem fjármögnuð er með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.
Rekstur ársins gekk vel og var rekstrarniðurstaða í samræmi við fjárhagsáætlun ársins. Samkvæmt samstæðureikningi námu heildartekjur ársins 519,1 millj. kr. og þar af voru rekstrartekjur bæjarsjóðs 421,4 millj. kr. Af rekstrartekjum bæjarsjóðs voru skatttekjur 347 millj. kr. Útsvar var þar af 201,3 millj. kr., framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 117,7 millj. kr. og fasteignaskattar og lóðarleiga námu 28,0 millj. kr. Rekstrarafgangur var 15,6 millj. kr. og var samkvæmt áætlun. Afkoman hefur batnað um 23,4 millj. kr. frá árinu 2004 en þá var rekstrarhalli um 7,8 millj. kr. og árið 2003 nam rekstrarhalli 31,4 millj. kr. Afkoman hefur því batnað um 47 millj. kr. á tveimur árum.
Veltufé frá rekstri nam 74 millj. kr. og eignir sveitarfélagsins voru bókfærðar á 1,1 milljarð kr. í árslok. Ný langtímalán námu 349 millj. kr., þar af voru 251 millj. kr. vegna endurfjármögnunar eldri lána. Hækkun handbærs fjár á árinu nam 30,8 millj. kr. og var handbært fé í árslok 34,9 millj. kr.
Skuldir bæjarsjóðs á hvern íbúa námu 461 þús. kr. í árslok en voru 354 þús. kr. í árslok 2004.
Skatttekjur á hvern íbúa námu 235 þús. kr. en heildartekjur samstæðunnar voru 517 þús. kr. á íbúa.
Á árinu var Vatnsveita Grundarfjarðar seld til Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan skuldbindur sig jafnframt til að byggja upp hitaveitu í Grundarfirði. Vegna þessa samninga voru 110,5 millj. kr. eignfærðar sem verða afskrifaðar á 25 árum.

## Green Globe 21

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi unnu áfram að verkefnum í samræmi við framkvæmdaáætlun Green Globe. Framkvæmdaráð verkefnisins er skipað fulltrúum sveitarfélaganna fimm. Meðal einstakra verkefna má nefna að undirbúin var uppsetning skiltis um jarðfræði og lífríki Kirkjufells og nágrennis, en skiltið verður sett upp vestan þétt-

**Skatttekjur námu alls 347 millj. kr.**







býlisins. Ráðinn var umhverfisfulltrúi Snæfellsness til að fylgja eftir verkefnum skv. framkvæmdaáætluninni.

### Staðardagskrá 21

Unnið var að ýmsum verkefnum skv. stefnu bæjarstjórnar í Staðardagskrá 21. Gerð var heildarúttekt á ástandi fráveitumála í dreifbýli, fornleifaskrá Eyrarsveitar allrar var gefin út á árinu í tengslum við aðalskipulagsvinnu, sett var af stað áætlunargerð um ræktun skjólbelta, o.fl.

### Sameiningarmál

Þann 8. október var kosið um sameiningu fimm sveitarfélaga á Snæfellsnesi, Helgafellssveitar, Eyja-og Miklaholtshrepps, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar. Kosningarnar voru liður í sameiningarátaki félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, en sameiningarkosningar fóru fram í fjölmörgum sveitarfélögum á landinu.
Niðurstöður atkvæðagreiðslu urðu þær að sameiningin var felld í öllum sveitarfélögunum á Nesinu. Þátttaka í kosningunni var góð hér í Grundarfirði, 440 greiddu atkvæði bæði á kjörfundi og utan kjörfundar, sem er 69,3% kjörsókn.
Samþykkir sameiningu og sögðu já voru 63, eða 14,3% en 371 sögðu nei og höfnuðu sameiningu, eða 84,3%.
Í Snæfellsbæ sögðu 79,4% nei, í Helgafellssveit sögðu tæp 76% kjósenda nei, í Stykkishólmsbæ sögðu 65% nei, en í Eyja- og Miklaholtshreppi var minnst andstaða við sameininguna en þar sögðu tæp 57% nei.

### Íbúaþing

Í mars var haldið íbúaþing Grundfirðinga, undir yfirskriftinni „Bjóðum tækifærunum heim“. Ríflega 130 íbúar sóttu þingið og tóku virkan þátt í umræðum um framtíðarsýn bæjarins. Áhersla var á tvo þætti, skipulagsmál og málefni fjölskyldunnar.
Í fréttatilkynningu um niðurstöður þingsins kom m.a. fram að Grundfirðingar standi um margt á tímamótum. Íbúum og bæjaryfirvöldum sé í mun að nýta sem allra best þau tækifæri sem nú blasi við. Grundarfjarðarhöfn hafi á síðustu árum verið í mikilli sókn og töldu þátttakendur áframhaldandi þróun hafnarstarfsemi bæði á sviði sjávarútvegs og ferðaþjónustu vera eitt af stærstu tækifærum Grundfirðinga um þessar mundir. Íbúar sáu annað stórt tækifæri í áformum um að nýta heitt vatn í nágrenni þéttbýlisins og bundu vonir við lagningu hitaveitu í sveitarfélaginu. Þá var Fjölbrautaskóli Snæfellinga nefndur sem mikilvægt tækifæri og gjörbreyting á aðstöðu fólks og atvinnutækifærum. Loks nefndu þátttakendur þau tækifæri sem staðsetning Grundarfjarðar skapar, þ.e. nálægð við höfuðborgarsvæðið, fiskimið og staðsetning miðsvæðis á Snæfellsnesi.
Varðandi skipulagsmál var helst bent á að byggðina þurfi að þétta og kallað var eftir uppbyggingu á miðbæ.
Niðurstöður þingsins endurspeglast vel í því sem nemendur grunnskólans töldu vera einn af kostunum við að búa í Grundarfirði; að Grundarfjörður sé lítill bær og að þar búi bjartsýnt fólk!

## Fræðslu- og menningarmál

Fræðslu- og menningarmálanefnd er bæjarstjórn til ráðgjafar í fræðslu-, safna- og menningarmálum. Undir nefndina heyra, auk menningarmála, grunnskóli, leikskóli, tónlistarskóli og bókasafn og er bæjarstjóri starfsmaður nefndarinnar. Nefndin hélt alls 11 bókaða fundi á árinu.

### Leikskólinn Sólvellir

Við upphaf árs 2005 voru 54 nemendur í leikskólanum en í lok árs voru nemendur 45 talsins. Ellefu stöðugildi voru í leikskólanum í janúar en fækkaði í tíu í desember, samfara fækkun nemenda. Starfsmenn voru þá þrettán talsins, þar af sex menntaðir leikskólakennarar.
Leikskólastarfið er fléttað saman af fjölbreyttum námsviðum, leik og daglegu lífi.

**Til fræðslumála var alls varið 198,9 millj. kr.**



Í leikskólanum er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af þroska og þörfum hvers einstaklings. Til þess að svo megi verða er leikskólastarfinu skipt í ýmiss konar leik, nám og samverustundir bæði úti og inni. Starfsemin byggir á frjálsum leik, daglegum venjum, söngstundum, samverustundum, útiveru, vinnustundum, hreyfistundum og „elstubarnastundum“. Sérstök áhersla er lögð á að vinna með endurvinnanleg efni. Leikskólinn er í samstarfi við flest fyrirtæki í bæjarfélaginu um nemendaheimsóknir. Einnig er samstarf við grunnskóla, bókasafn, tónlistarskóla, heilsugæslu og dvalarheimili.
Ýmislegt var um að vera í leikskólanum á árinu. Nefna má þorrablót sem haldið var í byrjun febrúar, sveitaferð að Mýrum, útskriftarferð elstu nemenda í Sandvík, Dag íslenskrar tungu og jólaball leikskólans.
Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Fyrir viðtölin fá foreldrar afhenta ferlimöppu barns síns. Í viðtalinu eru veittar upplýsingar til foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum og einnig gefa foreldrar upplýsingar til kennara. Í maí var lögð skoðanakönnun fyrir foreldra barna í árgangi 2002 í tengslum við notkun ferlimöppunnar. Foreldrum er alltaf boðið á skemmtanir, sýningar og uppákomur í leikskólanum. Nemendum 1. bekkjar grunnskólans var boðið á þorrablótið, sem er liður í samstarfi skólanna.
Við leikskólann er starfandi foreldrafélag, skipað foreldrum fjögurra nemenda auk eins starfsmanns leikskólans.

## Grunnskóli Grundarfjarðar

Stefna Grunnskóla Grundarfjarðar er að leggja áherslu á að nemendur tileinki sér metnað, þekkingu, færni og félagslega hæfni og séu vel í stakk búnir þegar skólaskyldu lýkur til þess að velja sér farveg og takast á við daglegt líf.

Á árinu voru 196 nemendur í 10 bekkjardeildum. Við skólann störfuðu 22 kennarar og 8 aðrir starfsmenn auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Aukin áhersla var á list- og verkgreinar og verður hlutfall þeirra í daglegu námi aukið á komandi önnum. Áætlað er að fullbúin smíðastofa verði tilbúin á árinu 2006 og eykur það mjög á fjölbreytni verknáms við skólann.

Haustið 2005 hófst náið samstarf grunnskólans við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Nemendur í 10. bekk sem sýnt hafa góðan námsárangur eiga kost á því að sækja áfanga í ensku og stærðfræði í framhaldsskólanum samhliða námi í grunnskólanum. Níu nemendur úr 10. bekk hófu nám í einum til þremur áföngum við FSN á árinu.

Boðið er upp á heitar skólamáltíðir fjóra daga vikunnar en

## Grundfirsk stjörnumessa á Broadway

Grundfirsk stjörnumessa var haldin á veitingastaðnum Broadway í Reykjavík í febrúar. Þar stigu á svið grundfirskir tónlistarmenn, 12 manna hljómsveit og 27 söngvarar, undir merkjum Vorgleðihópsins. Á sjötta hundrað gestir mættu á sýninguna þar sem tónlist og söngur ómaði um salinn. Að sýningu lokinni tók við dansleikur með hljómsveitinni Vor sem stóð langt fram á nótt. Frábær frammistaða tónlistarfólksins og einstaklega vel heppnuð útrás grundfirskrar menningar!



## Bæjarvefur Grundarfjarðarbæjar

Innlitum á bæjarvefinn www.grundarfjordur.is fjölgar jafnt og þétt. Á vefnum er jafnan að finna upplýsingar um það helsta sem er á döfinni hverju sinni, fundargerðir, auglýsingar um laus störf, húsnæði eða annað það sem hægt er að miðla gegnum vefinn, að ógleymdum fréttum úr bæjarlífinu. Fréttir eru skrifaðar af starfsfólki bæjarskrifstofu, auk þess sem stofnanir bæjarins og félagasamtök hafa sín fréttasvæði á vefnum.

Árið 2005 voru 453 fréttir og tilkynningar skrifaðar á vef Grundarfjarðarbæjar. Þetta eru um 8,7 fréttir að meðaltali í hverri viku og um 1,8 frétt á dag hvern virkan dag ársins. Innlit og umferð á vefnum jókst til muna frá fyrra ári. Frá árinu 2001 hefur innlitum fjölgað verulega. Árið 2001 voru tæp 14 þúsund innlit, tæp 44 þúsund árið 2002, 53 þúsund árið 2003, 68 þúsund árið 2004 og rúm 117 þúsund árið 2005. Innlitum fjölgaði um 73,5% milli áranna 2004 og 2005.



veitingahúsið Kaffi 59 sér um matseldina. Heilsdagsskóli er starfræktur fyrir nemendur í 1.- 3. bekk þar sem nemendur fá gæslu og heimanámsaðstoð.

Gott samstarf hefur verið síðustu ár við leikskólann. Gagnkvæmar heimsóknir elstu barna leikskólans og yngstu nemenda grunnskólans eru yfir skólaárið og í maí er boðið upp á vorskóla sem stendur yfir í viku fyrir elstu nemendur leikskólans. Þar fá þau smjörþefinn af því sem koma skal og undirbúa sig fyrir nám í grunnskólanum.

Foreldrafélag er starfrækt við skólann og stendur það fyrir ýmsum uppákomum í þágu nemenda og foreldra í formi skemmtana eða fræðslu.

Skólinn fékk styrk til þátttöku í Comenius tungumálaverkefni sem nefndist „To go and see the earth living“. Árgangur 1990 tók þátt í þessu verkefni ásamt 31 nemanda frá Paimpol, vinabæ Grundarfjarðar í Frakklandi. Samskipti stóðu yfir í um tvö ár og enduðu með gagnkvæmum heimsóknum. Frakkarnir komu til Grundarfjarðar í maí 2005 og héldu til á heimilum nemenda. Þeir unnu ýmis verkefni ásamt því að skoða sig um og vera í samskiptum við félaga sína í verkefninu. Heimsóknin var síðan endurgoldin þegar okkar nemendur héldu til Frakklands í byrjun júní. Eyddu þeir mestum hluta ferðarinnar í Paimpol en stöldruðu einnig við í París í nokkra daga. Mikil ánægja var meðal nemenda með þessi samskipti og myndaðist góður vinskapur milli krakkanna.

## Tónlistarskóli Grundarfjarðar

Hlutverk tónlistarskóla er að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar, m.a. með því að þjálfa tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á sviði hljóðfæraleiks, söngs og tónfræðagreina. Hlutverk tónlistarskóla er jafnframt að búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur.

Skólaárið 2005-2006 voru um 100 nemendur við nám í Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Við skólann starfa fjórir kennarar með skólastjóra. Kennslugreinar eru 16 talsins en píanó- og gítardeildir eru stærstar. Aukinn áhugi er á sviði slagverksdeildar og eru margir nemendur þar við áhugavert nám.

Í samstarfi við grunnskólann var boðið upp á blokkflautukennslu og tónmenntakennslu í 1. og 2. bekk grunnskólans, nemendum að kostnaðarlausu og sem hluti af stundaskrá nemenda í grunnskólanum.

Tónlistarskólinn gerðist aðili að prófanefnd tónlistarskólanna í vetur en um er að ræða samræmda prófanefnd






allra tónlistarskóla í landinu sem m.a. auðveldar samanburð og samhæfni tónlistarnáms og þar með mat á tónlistarnámi til áfanga í framhaldsskólum.

Haustið 2005 voru keyptar nýjar tölvur og skrifborð í skólann sem bætti vinnuaðstöðu kennara til muna. Sett var upp tölvukerfi fyrir nemendabókhald sem m.a. auðveldar alla yfirsýn yfir skólastarfið auk þess sem varðveisla upplýsinga og gagna er mun öruggari og aðgengilegri en áður.

### Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hóf starfsemi í ágúst 2004 og var árið 2005 því fyrsta heila starfsárið. Nemendur voru um 150 á vorönn 2005 og um 230 á haustönn 2005. Námsframboð skólans hefur verið fjölbreytt frá byrjun og er boðið upp á almennar námsbrautir, viðskiptabraut og tölvufræðibraut, auk stúdentsbrautanna þriggja, félagsfræðibrautar, málabrautar og náttúrufræðibrautar. Starfsmenn voru um 30 talsins í um 20 stöðugildum.

### Bókasafn Grundarfjarðar

Safnkostur Grunnskóla og Bókasafns Grundarfjarðar er tengdur sameiginlegu bókasafnskerfi og eru upplýsingar um eintök aðgengilegar á vefnum www.gegnir.is. Þar er einnig hægt að skoða útlán sín og panta bækur.
Átak var gert í innkaupum á hljóðbókum og rafrænu efni. Safnkostur var skipulagður á árinu og bókakostur grisjaður.
Fræðslu- og menningarmálanefnd vann á árinu stefnumótun í bókasafns- og upplýsingamálum sem bæjarstjórn Grundarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. júní 2005. Stefnuna má nálgast á bæjarvefnum.

Norræna bókasafnavikan, Á ferð um norðrið, tók við af menningarhátíðinni Rökkurdögum í haust en þá héngu uppi sýningar leikskólabarna og farandsýning um Gísla J. Ástþórsson. Farið var af stað með sögustundir á fimmtudögum og elstu börn af Leikskólanum Sólvöllum komu í heimsókn á safnið í sex vikur til að læra að nota bókasafn. Keyptir voru lestrarhvetjandi bæklingar sem dreift var til foreldra leikskólabarna og liggja frammi á bókasafninu.

Vefsíða bókasafnsins var færð undir bæjarvefinn. Þar eru kynntar nýjungar og upplýsingar um málefni sem eru áberandi í daglegu lífi bæjarbúa. Sérstök upplýsingasíða er ætluð nýjum íbúum Grundarfjarðarbæjar. Háskólanemendur eru duglegir að nýta sér upplýsingaþjónustu bókasafnsins og nemendum FSN er liðsinnt eftir mætti.

### Rökkurdagar

Lista- og menningarhátíðin Rökkurdagar var haldin í annað sinn haustið 2005. Hátíðin var að þessu sinni 27 daga menningarveisla sem hófst þann 19. október og lauk 14. nóvember. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá sem bæði var í höndum heimamanna og aðkomumanna. Á dagskrá voru meðal annars tónleikar og myndlistarsýningar að ógleymdum fyrirlestri um Snæfellinginn James Bond.

### Á góðri stund í Grundarfirði

Hátíðin „Á góðri stund“ í Grundarfirði var haldin í áttunda sinn síðustu helgina í júlí. Hátíðin tókst vel sem endranær og lék veðurblíðan við íbúa og gesti þeirra. Fjöllistamaðurinn Örn Ingi frá Akureyri setti svip sinn á hátíðina en hann var fenginn til að skipuleggja ævintýranámskeið og viðburði fyrir börn og fullorðna dagana fyrir hátíð. Með honum í för voru tvær norðlenskar fimleikameyjar sem leiðbeindu börnunum. Afraksturinn var m.a. litríkt götuleikhús, danssýningar á hverfahátíðum, eldspúarar og krakkar sem gengu um bæinn á stultum.

## Íþrótta- og tómstundamál

Íþrótta- og tómstundanefnd er bæjarstjórn til ráðgjafar í íþrótta- og tómstundamálum. Skrifstofustjóri er starfsmaður nefndarinnar. Nefndin hélt fimm fundi á árinu.










Íþróttir skipa stóran sess í lífi Grundfirðinga. Ungmennafélag Grundarfjarðar, UMFG, heldur uppi öflugu íþróttastarfi í bænum. Fyrir börn á leikskólaaldri er boðið upp á íþróttaskóla einu sinni í viku yfir vetrartímann, en frjálsar íþróttir, knattspyrna og blak hafa verið þær greinar sem mest eru stundaðar af börnum og unglingum. Lögð er áhersla á að allir eigi auðvelt með að stunda íþróttirnar en UMFG hefur meðal annars gert það kleift með verðstefnu félagsins, þar sem hver fjölskylda borgar aðeins eitt gjald, óháð fjölda barna sem íþróttirnar stunda.

Öflugt starf er einnig hjá Golfklúbbnum Vestarri og Hesteigendafélagi Grundarfjarðar, bæði fyrir börn og fullorðna. Hesteigendafélagið fagnaði 30 ára afmæli á árinu og Golfklúbburinn hélt upp á að 10 ár voru frá stofnun klúbbsins.

## Íþróttamaður ársins

Titilinn íþróttamaður Grundarfjarðar árið 2005 hlaut Heiðar Geirmundsson fyrir árangur í frjálsum íþróttum. Verðlaunin voru afhent á hinum árlega fjölskyldudegi sem haldinn er hátíðlegur í samkomuhúsinu í upphafi aðventu.

## Félagsmiðstöðin Eden

Félagsmiðstöðin Eden er opin unglingum í 8.-10. bekk grunnskólans fjögur kvöld í viku.

Hugmyndafræði félagsmiðstöðvarinnar byggir meðal annars á svokölluðu unglingalýðræði. Unglingalýðræði er leið til að tryggja áhrif unglinganna á starfið undir merkjum virkni, þátttöku og ábyrgðar. Markmiðið er að þjálfa unglingana í að taka sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þeirra eigin skoðunum og taka afleiðingum þeirra. Jafnframt að styrkja sjálfsmynd unglinganna, þjálfa þá í að temja sér víðsýni og gagnrýna hugsun.

Félagsmiðstöðin heldur úti heimasíðu þar sem hægt er að finna upplýsingar um starfsemina.

## Forvarnir

Tómstunda- og forvarnafulltrúi Snæfellinga tók til starfa í janúar 2005 undir hatti Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Það voru Rauða kross deildirnar á Snæfellsnesi sem lögðu fjármuni til ráðningar starfsmannsins og munu sveitarfélögin í áföngum taka yfir kostnaðinn við starfið. Helstu verkefni tómstunda- og forvarnafulltrúa eru að stofna til og viðhalda samstarfi þeirra aðila er láta sig varða forvarnir og tómstundir unglinga, að stofna til og hafa umsjón með forvarnarteymum í sveitarfélögunum, starfa með nemendafélagi FSN við uppbygginguu félagsstarfs við skólann og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og fræðslu fyrir unglinga, ungmenni og foreldra á Snæfellsnesi. Einnig á tómstunda- og forvarnafulltrúi að vinna að samræmdri forvarnarstefnu fyrir öll bæjarfélög á Snæfellsnesi í samstarfi við viðeigandi aðila, auk annarra verkefna sem falla til. Tómstunda- og forvarnafulltrúi hefur aðsetur í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

## Hópastarf

Öflugt hópastarf var sett af stað, annars vegar fyrir stelpur og hins vegar fyrir stráka þar sem markmiðið var að styrkja sjálfsmynd þátttakenda. Í hópastarfinu gefst þátttakendum tækifæri á að fræðast, ferðast, upplifa og skapa. Verkefnin byggjast á því að hver og einn þátttakandi fái að njóta sín, kynnast styrkleika sínum og þróa með sér jákvæða sjálfsmynd.

## Samráðsfundir

Samráðsfundir voru haldnir í því skyni að upplýsa um og vinna gegn óæskilegri hegðun, greina áhættuhegðun unglinga í tæka tíð og stuðla að aðgerðum til forvarna. Einnig til að efla samstarf, upplýsingaflæði og verkaskiptingu milli aðila sem vinna að málefnum unglinga í bænum. Fundina sitja tómstunda- og forvarnafulltrúi, fulltrúi frá lögreglunni, sóknarprestur og formaður íþrótta- og tómstundanefndar.

Stefnt er að því að samráðsaðilar starfi eftir ákveðnum verkreglum, nokkurs konar viðbragðskerfi sem sett er upp og miðar að því að samhæfa aðgerðir gegn óæskilegu ástandi.



# Félagsþjónusta og heilbrigðismál

Meðal þeirra málefna er snúa að fjölskyldunni og hagsæld heimilanna eru félagsleg þjónusta, s.s. félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og heimilishjálp, málefni barna og ungmenna, húsnæðismál, málefni aldraðra og heilbrigðismál.

## Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga

Grundarfjarðarbær stendur að rekstri Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga ásamt Snæfellsbæ, Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ.

Helstu verkefni Félags- og skólaþjónustu eru barnavernd, félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, heimaþjónusta, málefni dagforeldra, forvarnir, þjónusta við fatlaða og sérfræðiþjónusta við skóla, s.s. kennslu- og námsráðgjöf, sálfræðiþjónusta, o.fl.

## Félagsstarf eldri borgara

Bæjarfélagið býður upp á tómstundastarf fyrir eldri borgara og hittast þeir einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina, þrjá tíma í senn. Að auki hefur hið öfluga Félag eldri borgara haft aðstöðu í samkomuhúsinu fyrir leikfimi, félagsstarf og ýmsa aðra viðburði á sínum vegum.

## Húsnæðismál

Grundarfjarðarbær á 12 íbúðir sem eru í útleigu, en auk þess hefur bærinn staðið fyrir byggingu húsnæðis fyrir eldri borgara. Í tengslum við fjárhagsáætlunargerð samþykkti bæjarstjórn að selja fasteignina að Sæbóli 33-35, 8 íbúðir.

Húsaleigubætur eru greiddar af sveitarfélögum og ríkið endurgreiðir um 40% þeirra. Markmið laga um húsaleigubætur er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðinum.

## Dvalarheimilið Fellaskjól

Frá árinu 1988 hefur verið rekið dvalarheimili fyrir aldraða í Grundarfirði. Dvalarheimilið Fellaskjól er sjálfseignarstofnun og kemur Grundarfjarðarbær ekki beint að rekstrinum, en veitir árlegan styrk til að standa undir afborgunum húsnæðislána. Á Fellaskjóli hefur verið pláss fyrir 12 vistmenn en í september 2005 var útbúið auka herbergi til þess að geta annað eftirspurn eftir plássi og hafa vistmenn því verið 13 síðan þá. Á Fellaskjóli eru 6 konur og 7 karlar, þar af 7 í hjúkrunarrými. Árið 2005 voru

## Kvennafrídagurinn í Grundarfirði

Þann 24. október héldu konur í Grundarfirði upp á að 30 ár voru frá kvennafrídeginum fræga, eins og stöllur þeirra víða um land, í fallegu og björtu veðri. Um 220 konur á öllum aldri skunduðu í samkomuhúsið þar sem undirbúningshópur hafði skipulagt dagskrá og efnt var til kaffisamsætis í boði bæjarins, Verkalýðsfélagsins Stjörnunnar og Starfsmannafélags Dala- og Snæfellsnessýslu.

Í tilefni dagsins voru flutt erindi og Kvennafrídagurinn 1975 rifjaður upp. Tónlistin hafði sinn sess og m.a. sungið „Áfram stelpur“, baráttusöngur kvenna sem gefinn var út 24. október 1975. Margir vinnuveitendur höfðu gefið konum frí eftir kl. 14.



### Vinabærinn Paimpol

Í janúar 2005 undirrituðu bæjarstjórar Grundarfjarðarbæjar og franska bæjarins Paimpol á Brittaníuskaga yfirlýsingu um vinabæjarsamband. Áður hafði Paimpol verið óformlegur vinabær Grundarfjarðar. Viðstaddir voru m.a. sendiherra Íslands í Frakklandi, fulltrúar nágrannabæja Paimpol og félagsmenn í frönsku Grunda-Pol samtökunum sem annast vinabæjarsamskiptin þar ytra.



11 fastráðnir starfsmenn, allir nema einn í hlutastarfi. Þar að auki eru nokkrir starfsmenn sem sinna afleysingum.

### Heilsugæslustöð Grundarfjarðar

Heilsugæslustöðin er svokölluð H1 stöð, þar sem starfandi er einn læknir, sem sinnir sjúklingum á stofu og er jafnframt á bakvakt allan sólarhringinn. Auk þess starfa við stöðina ljósmóðir, læknaritari, framkvæmdastjóri, móttökuritari og fjórir sjúkraflutningamenn. Rauði krossinn sér bæjarbúum fyrir sjúkrabifreið og hefur heilsugæslustöðin umsjón með rekstri hennar.
Samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga skal stöðin sinna öllum helstu heilsufarsvandamálum íbúa bæjarins. Rekstur hennar er alfarið í höndum ríkisins.

## Framkvæmda- og tæknimál

Tæknisvið bæjarins hefur umsjón með öllum verklegum framkvæmdum bæjarins, annast undirbúning framkvæmda, gerð kostnaðaráætlana og sér um framkvæmdaeftirlit. Þar á meðal eru verkefni og starfsemi áhaldahúss, gatna- og umferðarmál, umsjón með fasteignum og stofnunum bæjarins og þjónusta við leigjendur íbúðarhúsnæðis bæjarins, ásamt umjón með íþróttavelli, opnum svæðum og lóðum stofnana bæjarins. Ennfremur byggingaeftirlit og þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki á sviði skipulags- og byggingarmála, auk skipulagsmála bæjarins. Undir verkefni tæknisviðs fellur einnig umsjón með vinnuskóla og fráveitu, sem og brunavarnir og brunamál, ásamt rekstri gámastöðvar. Tæknisvið hefur auk þess umsjón með færslu í Landskrá fasteigna fyrir Fasteignamat ríkisins.

Umhverfisnefnd er bæjarstjórn til ráðgjafar í byggingar- og skipulagsmálum, brunamálum, umferðarmálum, umhverfismálum og veitumálum. Undir nefndina heyra einnig landbúnaðarmál og fjallskil. Nefndin sér um úthlutun lóða í umboði bæjarstjórnar. Á árinu úthlutaði nefndin 29 nýjum byggingarlóðum undir 35 íbúðir. Átján fundir voru haldnir á árinu.

### Áhaldahús/þjónustumiðstöð

Starfssvæði áhaldahúss er innan sveitarfélagsmarka Grundarfjarðarbæjar, mest innan þéttbýlisins, en einnig verkefni í dreifbýlinu s.s. vegna snjómoksturs, hreinsunar meðfram þjóðvegum og önnur tilfallandi verkefni. Einn fastráðinn starfsmaður sem gegnir stöðu verkstjóra er starfandi allt árið. Á sumrin fjölgar starfsfólki þegar sum-







arstarfsfólk og vinnuskóli bætast við, en þá aukast verkefni áhaldahúss verulega, t.d. vegna umhirðu opinna svæða.

## Slökkvilið Grundarfjarðar

Í slökkviliði Grundarfjarðar eru skráðir 20 menn sem skiptast í aðal- og varalið.

Árið 2005 var lítið um útköll en aðeins voru fjórar boðanir frá Neyðarlínunni. Það voru útköll vegna vatnsleka í húsi, sinuelds, elds í skipi og elds í sumarbústað. Einnig sinnti slökkviliðið öðrum beiðnum um aðstoð eins og dælingu vegna leka í vatnsveitunni, hreinsun olíu af þjóðvegi og loftræstingu vegna ammoníaksleka.

Í forvarnarstarfi var farið í 3. bekk grunnskólans og kynntar eldvarnir á heimilum og einnig var unglingadeild björgunarsveitarinnar kynntar eldvarnir.

Æfingar voru haldnar einu sinni í mánuði og einnig var haldin ein samæfing að Gufuskálum með Slökkviliði Snæfellsbæjar og Slökkviliði Stykkishólms.

## Skipulagsmál

Á árinu voru skipulagsmál fyrirferðarmikil. Á íbúaþingi í mars voru þau annað meginstefið og fékkst þar m.a. efniviður í þá skipulagsvinnu sem bæjarstjórn hafði ákveðið að ráðast í. Í september var gengið til samninga við Zeppelin arkitekta í Garðabæ, Orra Árnason og hans fólk, um umfangsmikil skipulagsverkefni við deiliskipulagningu og tilteknar breytingar á gildandi aðalskipulagi. Verkefnin felast í því að endurhanna m.a. miðbæ, skipuleggja íþrótta- og skólasvæði, nýtt hverfi við vestanverða Grundargötu og íbúðahverfi í Grafarlandi. Bæjarstjórn skipaði sérstaka nefnd í málið, alla fulltrúa úr umhverfisnefnd og fjóra bæjarfulltrúa, auk bæjarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa. Skipulagshópurinn hóf störf í október og var um það bil að ljúka vorið 2006, þegar þetta er ritað.



Áfram var unnið að aðalskipulagi dreifbýlis, en það er Teiknistofan Eik sem vinnur að því.

Umhverfisnefnd skipaði vinnuhóp undir stjórn Inga Hans Jónssonar til að gera tillögu að mótun Hönnugils. Í niðurstöðum hópsins, sem skipaður var fulltrúum íbúa úr nágrenni svæðisins, var lagt til að fyllt yrði í gilið með jarðvegsefnum, mynduð þar útivistarsvæði með sléttum flötum, göngustígum, trjágróðri og aðstöðu fyrir ýmiss konar afþreyingu. Lækurinn yrði látinn halda sér.

Byrjað var að fylla í svæðið með efni sem til féll úr byggingarlóðum og verður svæðið mótað jafn óðum og efni berst.

## Hverfisvæn leið

Í júní 2005 bauð Vegagerðin út framkvæmdir við „hverfisvæna leið“ um Grundarfjörð. Um var að ræða sérstakt verkefni sem fólst í öryggisaðgerðum á Grundargötu og var gatan m.a. þrengd og á hana settar umferðareyjar, upphækkaðar hraðahindranir og aðrar ráðstafanir gerðar sem draga eiga úr hraða á götunni.

Framkvæmdin, sem hönnuð var af verkfræðistofunni VST, var gerð með það að leiðarljósi að minnka hraðakstur í gegnum bæinn.

Dodds ehf. sá um verkið sem hófst í ágúst.

## Stækkun leikskólans

Skóflustunga að rúmlega 170 m2 viðbyggingu Leikskólans var tekin 4. ágúst. Hildur Sæmundsdóttir, ljósmóðir og formaður Rauða kross deildar Grundarfjarðar þegar fyrsti hluti Leikskólans Sólvalla var byggður, tók skóflustunguna. Nýbyggingunni er m.a. ætlað að hýsa vinnuaðstöðu starfsmanna sem var mjög bágborin, auk þess sem þar verður nýr inngangur í skólann. Auk viðbyggingarinnar verður elsti hluti leikskólans endurnýjaður verulega, m.a. verða gerðar miklar endurbætur á eldhúsi.

Samið var við Trésmiðju Guðmundar Friðrikssonar um verkið, eftir útboð. Þann 14. desember fór síðasta sperr-







an í viðbygginguna og af því tilefni var flaggað og verktökum boðið upp á kakó og smákökur.

## Átak í skógrækt

Sumarið 2005 stóð Grundarfjarðarbær fyrir átaki í gróðursetningu trjáplantna. Plöntur voru settar niður á skólalóð, í þríhyrningi, við raðhúsaíbúðir eldri borgara við Hrannarstíg og í jarðvegsmön meðfram þjóðveginum við iðnaðarsvæði. Verkefnið var í umsjá Þórðar Runólfssonar frá Garðyrkjustöðinni Syðra - Lágafelli. Alls voru settar niður um 600 plöntur.

Grundarfjarðarbær og Skógræktarfélag Eyrarsveitar unnu að undirbúningi verkefnis sem felst í gróðursetningu og ræktun skjólbelta í stórum stíl ofan bæjarins. Skjólbelti ættu, þegar fram líða stundir, að skýla byggðinni fyrir vindi í þéttbýli Grundarfjarðar. Skógræktarfélag Íslands var fengið til að gera áætlun um ræktun skjólskóganna.

## Hitaveita og vatnsveita

Íslenskar orkurannsóknir unnu að borun rannsóknarholu við Berserkseyri í upphafi árs. Þann 8. mars 2005 hitti borinn í vatnsæð á um 300 m dýpi og runnu um 6 l/s af tæplega 80°C heitu vatni úr holunni. Niðurstaðan gaf vísbendingar um vænlegan borstað og í framhaldinu var samið við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um borun vinnsluholu. Markmiðið var að skera tvær vatnsæðar, aðra á um 300 m dýpi og þá seinni á rúmlega 900 m dýpi. Þann 3. apríl hitti borinn svo í fyrri æðina á 380 m dýpi og var rennslið um 20 l/s af tæplega 80°C heitu vatni. Haldið var áfram að bora og þegar holan var orðin rúmir 550 m á dýpt brotnuðu borstangir ofan í sjálfri holunni. Bormenn eyddu miklum tíma í að reyna að ná brotnum borstöngum upp úr holunni en þann 12. júní var tekin ákvörðun um að hætta borun að sinni.



Þann 20. september 2005 var undirritaður samningur milli Grundarfjarðarbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur. Með samningnum yfirtók Orkuveita Reykjavíkur hitaveituverkefni bæjarins á rannsókna- og undirbúningsstigi og mun ljúka við lagningu veitunnar. Auk þess keypti Orkuveitan Vatnsveitu Grundarfjarðar.

Samningurinn við Orkuveituna gerir ráð fyrir að Grundfirðingar muni kaupa heita vatnið á sama verði og í Reykjavík sem þýðir umtalsverða lækkun húshitunarkostnaðar Grundfirðinga.

Þó að Orkuveitan taki við verkefninu og verði framkvæmdaraðilinn hér eftir, mun Grundarfjarðarbær þó veita fullt liðsinni við undirbúning og framkvæmd. Grundfirðingar sjá enda fram á umfangsmestu verklegu framkvæmdir í bænum í áratugi, með uppgröfnum götum og lóðum, skurðum og tilheyrandi raski. Um leið gefst þó tækifæri til ýmissa umbóta, s.s. að endurnýja slitlag á götum.

# Grundarfjarðarhöfn

Metár var í Grundarfjarðarhöfn í lönduðum afla árið 2005. Heildarafli var 20.586 tonn í 1.559 löndunum.

Stærsta löndunarár, fyrir árið 2005, síðan skráningar hófust í Grundarfjarðarhöfn var árið 2001 en þá var landað 16.184 tonnum. Heildaraflinn árið 2005 var því tæpum 30% meiri en metárið 2001.

Landaður afli í Grundarfjarðarhöfn jókst um 37% frá árinu 2004. Tekjur hafnarinnar hækkuðu þó ekki nema um 16% milli ára. Hátt gengi krónunnar árið 2005 er ein ástæða þess að tekjuaukningin varð ekki jafn mikil og aflaaukningin gefur tilefni til, en stærsti hluti tekna hafnarinnar er miðaður við verðmæti hins landaða afla.




Olíuflutningar jukust einnig og var tæplega 8 þúsund tonnum skipað á land samanborið við tæplega 7 þúsund tonn árið 2004. Gámaeiningum fjölgaði úr 388 í 446 frá fyrra ári eða sem nemur 15% aukningu. Átta skemmtiferðaskip heimsóttu höfnina á árinu sem er talsverð fækkun frá árinu 2004. Í september kom skemmtiferðaskipið The World til Grundarfjarðar. Skipið, sem er 43.188 brúttótonn og ristir 6,9 metra, er það stærsta sem komið hefur hingað frá upphafi. Á skipinu voru 150 farþegar og 250 starfsmenn.

Grundarfjarðarhöfn ásamt þjónustuaðilum hafnarinnar tóku þátt í Íslensku sjávarútvegssýningunni í Kópavogi sem haldin var í september. Þátttakendur ásamt höfninni voru Ragnar og Ásgeir ehf., Guðmundur Runólfsson hf., Snæís hf., Fiskmarkaður Íslands, Vélsmiðjan Berg og Djúpiklettur ehf. Auk þess var fisksölufyrirtækið Hagfiskur með kynningu á vörum sínum og bauð gestum og gangandi upp á plokkfisk.

Fjárfest var í nýrri hafnarvog vorið 2005 og var sú gamla fjarlægð, enda búin að þjóna vel hlutverki sínu síðan 1970. Nýja vigtin var sett niður á sama stað og sú eldri en hún er ofanáliggjandi en ekki niðurgrafin eins og sú gamla. Vogin er 21,3 m á lengd og 3,3 m að breidd. Vigtin er nægilega löng til þess að vigta alla vöruflutningabíla svo hægt er að heilvigta alla bíla sem þurfti að tvívigta áður, t.d. gámaflutningabíla með aftanívagni. Ragnar Haraldsson fékk þann heiður að vígja vigtina og ók hann einum flutningabíl fyrirtækisins Ragnars og Ásgeirs ehf. upp á vogina. Bíllinn var um það bil 18 metra langur og rúmaðist því vel á voginni.

Unnið var að skipulagsmálum á hafnarsvæðinu og undirbúningur að gerð landfyllingar hófst ásamt því sem hönnun á nýrri litlu bryggju fór af stað.

## Örnefnaskilti Eyrbyggja

Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar, færðu Grundfirðingum örnefnaskilti til uppsetningar og varðveislu haustið 2005. Skiltið var sett upp á nýjum áningarstað við Kolgrafafjörð og formlega afhent á vígsludegi nýju brúarinnar og vegarins þann 21. október 2005.

Eyrbyggjarnir létu útbúa skiltið skv. hönnun Hermanns Jóhannessonar, en skiltið er að formi til eins og opin bók. Í bókinni má lesa um Eyrbyggja hina fornu, örnefni í firðinum og gönguleiðir á svæðinu.

Freyja Bergsveinsdóttir vann grafík á skiltinu, Jón Hans Ingason smíðaði skiltið úr ryðfríu stáli og Guðjón Elisson tók ljósmyndina á skiltinu.

Í desember gáfu Eyrbyggjar svo út sjötta bindi bókarinnar Fólkið, fjöllin, fjörðurinn.



# Tölulegar upplýsingar









**Skatthlutföll 2005**

Fasteignaskattur, A-flokkur 0,45%
Fasteignaskattur, B-flokkur 1,55%
Holræsagjald 0,18%
Lóðarleiga 1,5%
Vatnsgjald 0,28%
Útsvar 13,03%
Sorpeyðingargjald 7.800 kr.
Sorphirðugjald 9.200 kr.
Sorpeyðingargjald sumarbústaða 4.300 kr.





# Tölulegar upplýsingar

**Erlendir ríkisborgarar eru 9,4% íbúa í Grundarfirði**
**Skipting erlendra ríkisborgara eftir ríkisfangi 1. des 2005**




**Aldurssamsetning íbúa í Grundarfirði**
**í desember 2005**




**Útlán á bókasafni 1996-2005**




**Komur í sundlaug 2003-2005**



# Ársreikningur 2005

**Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna**

Bæjarstjórn Grundarfjarðar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi bæjarfélagsins, B hluta starfsemi bæjarfélagsins og samantekinn ársreikning. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, heildaryfirlit um rekstur, efnahagsyfirlit og skýringar nr. 1 - 18. Ársreikningurinn er lagður fram af Bæjarstjórn Grundarfjarðar og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Grundarfjarðarbæjar á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005, og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga.

Grundarfirði, 27. apríl 2006

**Deloitte hf.**

| Guðlaugur Guðmundsson<br>endurskoðandi | Jónas Gestur Jónasson<br>endurskoðandi |
|---|---|

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Grundarfjarðarbæjar höfum yfirfarið ársreikning Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2005. Við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir og sjáum engar ástæður til athugasemda. Með vísan til þess og áritun endurskoðenda leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Grundarfirði 27. apríl 2006

| Eiður Örn Eiðsson | Ólöf Hildur Jónsdóttir |
|---|---|

**Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra**

Ársreikningur Grundarfjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikning, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfseminni skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhaglega sjálfstæðar einingar.

Rekstrartekjur bæjarfélagsins á árinu námu kr. 519 millj. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum á fjárhæð kr. 464 millj. Rekstrartekjur A hluta námu kr. 421,4 millj., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð kr. 386,9 millj. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,45% vegna íbúðahúsnæðis og 1,55% vegna atvinnuhúsnæðis. Rekstrarniðurstaða bæjarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var kr. 15,6 millj. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir kr. 15,3 millj. rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var um kr. 13,9 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrarniðurstöðu að fjárhæð kr. 18 millj. Eigið fé bæjarfélagsins í árslok nam kr. 251,7 millj., en þar af var eigið fé A hluta kr. 277,7 millj.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls kr. 235 millj. en starfsmannafjöldi hjá bæjarfélaginu var að meðaltali 64.
Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu alls kr. 12,8 millj. á árinu 2005.

Íbúafjöldi Grundarfjarðar 1. desember 2005 var 974 og fjölgaði um 36 frá fyrra ári.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Grundarfirði, 27. apríl 2006

Björg Ágústsdóttir
bæjarstjóri

Bæjarstjórn Grundarfjarðar:

Ásgeir Valdimarsson
Dóra Haraldsdóttir
Emil Sigurðsson
Garðar Svansson
Gísli Ólafsson
Guðni E. Hallgrímsson
Sigríður Finsen

# Rekstrarreikningur ársins 2005

| | Sjóðir í A - hluta | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2005 | 2004 | 2005 | 2004 |
| **Tekjur** | | | | |
| Skatttekjur | 347.035.197 | 295.460.793 | 347.035.197 | 295.460.793 |
| Ýmsar tekjur | 74.356.411 | 58.136.714 | 172.092.094 | 131.736.401 |
| | 421.391.608 | 353.597.507 | 519.127.291 | 427.197.194 |
| **Gjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 222.804.066 | 204.905.984 | 230.986.730 | 213.099.913 |
| Annar rekstrarkostnaður | 144.487.162 | 113.119.342 | 193.612.880 | 149.058.144 |
| | 367.291.228 | 318.025.326 | 424.599.610 | 362.158.057 |
| Afskriftir | 20.298.539 | 17.856.832 | 31.253.603 | 27.329.588 |
| | 387.589.767 | 335.882.158 | 455.853.213 | 389.487.645 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir vexti** | 33.801.841 | 17.715.349 | 63.274.078 | 37.709.549 |
| Vaxtatekjur og (vaxtagjöld) | ( 19.829.275) | ( 23.075.896) | ( 47.667.318) | ( 45.539.809) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)** | 13.972.566 | ( 5.360.547) | 15.606.760 | ( 7.830.260) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| Fastafjármunir | Sjóðir í A - hluta 2005 | Sjóðir í A - hluta 2004 | Samantekið 2005 | Samantekið 2004 |
|---|---|---|---|---|
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | | | | |
| Fasteignir | 426.162.157 | 415.955.288 | 813.206.704 | 799.529.285 |
| Vélar, áhöld og tæki | 25.380.278 | 25.594.792 | 25.380.278 | 25.594.792 |
| Gatnakerfi | 44.128.269 | 36.187.955 | 44.128.269 | 36.187.955 |
| Veitu og holræsakerfi | 110.502.532 | 5.611.399 | 119.556.405 | 84.600.781 |
| | 606.173.236 | 483.349.434 | 1.002.271.656 | 945.912.813 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | | |
| Eignarhlutar í félögum | 5.816.297 | 5.424.472 | 5.816.297 | 5.424.472 |
| Langtímakröfur | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki í A-hluta | 62.595.658 | 57.887.207 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki í B-hluta | 0 | 28.340.469 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | 0 | ( 1.529.497) | 0 | 0 |
| | 68.411.955 | 90.122.651 | 5.816.297 | 5.424.472 |
| **Fastafjármunir** | 674.585.191 | 573.472.085 | 1.008.087.953 | 951.337.285 |
| **Veltufjármunir** | | | | |
| **Vörubirgðir** | | | | |
| Rekstrarvörur | 750.000 | 750.000 | 750.000 | 750.000 |
| **Skammtímakröfur** | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 42.157.008 | 35.678.275 | 46.292.230 | 40.617.677 |
| Skammtímakröfur | 7.029.458 | 84.854 | 8.188.379 | 1.220.212 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki í A-hluta | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki í B-hluta | 298.333 | 8.202.772 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | 0 | 1.529.497 | 0 | 0 |
| | 50.234.799 | 46.245.398 | 55.230.609 | 42.587.889 |
| **Handbært fé** | | | | |
| Bankainnstæður | 33.704.213 | 4.034.584 | 34.884.459 | 4.035.906 |
| | 33.704.213 | 4.034.584 | 34.884.459 | 4.035.906 |
| **Veltufjármunir** | 83.939.012 | 50.279.982 | 90.115.069 | 46.623.795 |
| **Eignir** | 758.524.203 | 623.752.067 | 1.098.203.022 | 997.961.080 |

# 31. desember 2005

## Eigið fé og skuldir

| | | Sjóðir í A - hluta | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | 2005 | 2004 | 2005 | 2004 |
| Eigið fé ....... | | 277.738.730 | 263.766.162 | 251.670.494 | 280.222.344 |
| **Eigið fé** | | 277.738.730 | 263.766.162 | 251.670.494 | 280.222.344 |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding ....... | | 31.978.059 | 27.663.633 | 31.978.059 | 27.663.633 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Aðrar langtímaskuldir ....... | | 359.087.259 | 265.460.589 | 713.010.092 | 549.230.280 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki í A-hluta....... | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki í B-hluta....... | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hlutaréttur vegna íbúða....... | | 0 | 0 | 32.428.961 | 0 |
| Næsta árs afborganir ....... | | ( 38.450.453) | ( 32.977.613) | ( 51.232.541) | ( 44.790.153) |
| | | 320.636.806 | 232.482.976 | 694.206.512 | 504.440.127 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir....... | | 0 | 33.138.201 | 0 | 115.958.555 |
| Orkuveita Reykjavíkur....... | | 40.000.000 | 0 | 40.000.000 | 0 |
| Viðskiptaskuldir ....... | | 24.492.691 | 16.588.504 | 24.492.691 | 16.588.504 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki í A-hluta....... | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki í B-hluta....... | | 21.791.982 | 14.017.272 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir....... | | 3.435.482 | 3.117.706 | 4.622.725 | 8.297.764 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda....... | | 38.450.453 | 32.977.613 | 51.232.541 | 44.790.153 |
| | | 128.170.608 | 99.839.296 | 120.347.957 | 185.634.976 |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | 480.785.473 | 359.985.905 | 846.532.528 | 717.738.736 |
| **Ábyrgðir utan efnahagsreiknings** | 11 | | | | |
| **Eigið fé og skuldir** | | 758.524.203 | 623.752.067 | 1.098.203.022 | 997.961.080 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

| Rekstrarhreyfingar | Sjóðir í A - hluta 2005 | Sjóðir í A - hluta 2004 | Samantekið 2005 | Samantekið 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Niðurstaða ársins | 13.972.566 | ( 5.360.547) | 15.606.759 | ( 7.830.260) |
| Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | 0 | 0 |
| Afskriftir | 20.298.539 | 17.856.832 | 31.253.603 | 27.329.588 |
| Verðbætur og gengismunur | 10.810.606 | 8.214.992 | 25.364.171 | 19.106.869 |
| (Hagnaður) Tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna | ( 2.369.955) | 0 | ( 2.369.955) | ( 1.932.364) |
| Áhrif innri viðskipta | 0 | 2.200.479 | 0 | 0 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingum | 4.314.426 | 2.001.250 | 4.314.426 | 2.001.250 |
| **Veltufé frá (til) frá rekstri** | 47.026.182 | 24.913.006 | 74.169.004 | 38.675.083 |
| Breytingar á skammtímaliðum: | | | | |
| Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) | ( 6.478.733) | ( 5.918.829) | ( 5.674.553) | ( 2.971.616) |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | ( 6.944.604) | 2.260.158 | ( 6.968.167) | 5.766.519 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 48.221.963 | ( 1.827.145) | 44.229.148 | 12.371 |
| **Handbært fé frá (til) rekstri** | 81.824.808 | 19.427.190 | 105.755.432 | 41.482.357 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 68.100.101) | ( 46.665.992) | ( 56.606.989) | ( 126.710.761) |
| Eignarhlutir í félögum, breyting | ( 391.825) | ( 1.256.996) | ( 391.825) | 3.243.004 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | ( 68.491.926) | ( 47.922.988) | ( 56.998.814) | ( 123.467.757) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting | 39.311.167 | ( 10.002.786) | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | 199.591.126 | 48.090.000 | 349.186.831 | 107.092.963 |
| Afborganir langtímalána | ( 189.427.345) | ( 50.998.846) | (251.136.341) | ( 120.400.934) |
| Skammtímalán, breyting | ( 33.138.201) | 33.138.201 | (115.958.555) | 83.339.987 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | 16.336.747 | 20.226.569 | ( 17.908.065) | 70.032.016 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | 29.669.629 | ( 8.269.229) | 30.848.553 | ( 11.953.384) |
| **Handbært fé í upphafi árs** | 4.034.584 | 12.303.813 | 4.035.906 | 15.989.290 |
| **Handbært fé í lok árs** | 33.704.213 | 4.034.584 | 34.884.459 | 4.035.906 |

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

   Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta, sbr. 60. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

   Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Leiguíbúðir, Íbúðir aldraðra I, Íbúðir aldraðra II, Fráveita og Sorphirða og Sorpeyðing.

   Ársreikningur Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2005 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. fyrir A og B hluta.

   Fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2005 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og heildaryfirliti um rekstur og sjóðstreymi.

## Helstu reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð og er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur bæjarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar. Í ársreikningnum eru færð út öll veruleg innbyrðis viðskipti og allar viðskiptastöður á milli þessarra sjóða.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til bæjarsjóðs og B-hluta fyrirtækjanna Fráveitu, Vatnsveitu, Hafnarsjóðs, Íbúða aldraðra I og II, Leiguíbúðir og Sorphirða og Sorpeyðing. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningar allra sjóða og stofnana lagðir saman, og viðskipti og viðskiptastöður á milli einstakra sjóða og stofnana eru dregin út með sama hætti og gert er í samstæðureikningsskilum..

# Skýringar

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.
Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.
Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum er kunna að verða á innheimtu skatttekna.

Þjónustutekjur eru tekjufærðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi og reikningur gerður fyrir henni.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi krafna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

### Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Niðurfærslur krafna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir bæjarsjóðs eru nú færðir á matsverði sbr. viðmiðun Félagsmálaráðuneytis eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........................ | 20 til 50 ár |
| Gatnakerfi ........................ | 25 ár |
| Hafnarmannvirki ........................ | 25 til 50 ár |
| Veitukerfi ........................ | 50 ár |
| Aðrar eignir ........................ | 6 til 50 ár |

# Skýringar

### Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 eru eignarhlutar bæjarsjóðs í félögum færðir á kostnaðarverði í ársreikningi. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu bæjarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt, enda þótt það kunni að hafa verið annað en kostnaðarverð.

### Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Grundarfjarðarbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr kafla hér framar um niðurfærslu krafna.

### Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum á innheimtu þeirra.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, innstæðum í bönkum, og sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að geta verið handbært fé innan þriggja mánaða.

### Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegs útreiknings. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

# Skýringar

## Rekstrartekjur

3. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A-hluti 2005 | B-hluti 2005 | Samantekið 2005 | Samantekið Áætlun alls 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **Skatttekjur án framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 201.322.213 | 0 | 201.322.213 | 195.000.000 |
| Fasteignaskattur | 23.008.025 | 0 | 23.008.025 | 23.100.000 |
| Lóðarleiga | 4.993.264 | 0 | 4.993.264 | 4.975.000 |
| | 229.323.502 | 0 | 229.323.502 | 223.075.000 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Tekjujöfnunarframlag | 25.468.228 | 0 | 25.468.228 | 25.000.000 |
| Útgjaldajöfnunarframlag | 29.041.895 | 0 | 29.041.895 | 21.197.944 |
| Framlag vegna fatlaðra | 3.600.000 | 0 | 3.600.000 | 3.600.000 |
| Framlag vegna nýbúa | 930.000 | 0 | 930.000 | 930.000 |
| Rekstrarframlag | 44.659.929 | 0 | 44.659.929 | 40.336.962 |
| Jöfnun vegna fasteignagjalda | 14.011.643 | 0 | 14.011.643 | 12.770.000 |
| | 117.711.695 | 0 | 117.711.695 | 103.834.906 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Aðalsjóður | 50.639.768 | 0 | 50.639.768 | 43.887.000 |
| Eignasjóður | 83.292.051 | 0 | 83.292.051 | 62.250.000 |
| Þjónustustöð | 18.114.205 | 0 | 18.114.205 | 13.500.000 |
| Fráveita | 0 | 6.506.386 | 6.506.386 | 5.800.000 |
| Hafnarsjóður | 0 | 40.622.161 | 40.622.161 | 34.800.000 |
| Félagslegar íbúðir | 0 | 8.393.653 | 8.393.653 | 7.960.000 |
| Íbúðir aldraðra I | 0 | 4.383.903 | 4.383.903 | 4.410.000 |
| Íbúðir aldraðra II | | 5.175.631 | 5.175.631 | 4.990.000 |
| Vatnsveita | 0 | 16.711.090 | 16.711.090 | 14.080.000 |
| Innri viðskipti | ( 77.689.613) | 0 | ( 77.689.613) | ( 59.632.000) |
| | 74.356.411 | 81.792.824 | 156.149.235 | 132.045.000 |
| **Rekstrartekjur alls** | 421.391.608 | 81.792.824 | 503.184.432 | 458.954.906 |

Álagningarhlutföll skatta

| | |
|---|---|
| Útsvar | 13,03% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,45% |
| Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði | 1,55% |

# Skýringar

## Laun og launatengd gjöld

| 4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | A-hluti 2005 | B-hluti 2005 | Samantekið 2005 | Samantekið Áætlun alls 2005 |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 185.035.463 | 6.815.835 | 191.851.298 | 177.660.000 |
| Launatengd gjöld | 37.768.603 | 1.366.829 | 39.135.432 | 37.105.000 |
| Hækkun á lífeyrisskuldbindingu | 4.314.426 | 0 | 4.314.426 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 227.118.492 | 8.182.664 | 235.301.156 | 214.765.000 |

Stöðugildi voru að meðaltali 64

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 12,8 milljónum króna.

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

**A-hluti:**

| | Fasteignir og fasteignaréttindi | Vélar, áhöld og tæki ofl. | Veitu- og gatnakerfi | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1 | 670.960.941 | 35.019.347 | 44.068.973 | 750.049.261 |
| Afskrifað áður | ( 255.626.213) | ( 9.119.082) | ( 2.269.620) | ( 267.014.915) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 415.334.728 | 25.900.265 | 41.799.353 | 483.034.346 |
| Viðbót á árinu | 33.811.572 | 4.676.121 | 114.764.692 | 153.252.385 |
| Selt á árinu | ( 9.814.958) | 0 | 0 | ( 9.814.958) |
| Afskrifað á árinu | ( 13.169.184) | ( 5.196.109) | ( 1.933.246) | ( 20.298.539) |
| Bókfært verð í árslok | 426.162.158 | 25.380.277 | 154.630.799 | 606.173.236 |

**B-hluti:**

| | Fasteignir og fasteignaréttindi | Vélar, áhöld og tæki ofl. | Veitu- og holræsakerfi | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1 | 411.710.409 | 0 | 117.098.800 | 528.809.209 |
| Afskrifað áður | ( 28.136.412) | 0 | ( 38.928.556) | ( 67.064.968) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 383.573.997 | 0 | 78.170.244 | 461.744.241 |
| Viðbót á árinu | 12.108.780 | 0 | 3.397.360 | 15.506.140 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | ( 70.338.433) | ( 70.338.433) |
| Söluhagnaður (sölutap) | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afskrifað á árinu | ( 8.638.231) | 0 | ( 2.175.295) | ( 10.813.526) |
| Bókfært verð í árslok | 387.044.546 | 0 | 9.053.876 | 396.098.419 |
| A og B hluti samtals | 813.206.704 | 25.380.277 | 163.684.675 | 1.002.271.655 |

6. Fasteignamat og vátryggingamat eigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skólahúsnæði, Borgarbraut 17 | 40.915.000 | 127.075.000 | 166.274.506 |
| Leikskólahúsnæði | 13.295.000 | 36.500.000 | 39.661.129 |
| Tónlistarskóli | 11.705.000 | 25.650.000 | 11.788.470 |
| Íþróttamannvirki | 36.257.500 | 105.909.000 | 62.097.287 |
| Bókasafn og fjarnám | 12.420.000 | 40.700.000 | 38.324.059 |
| Áhaldahús og slökkvistöð | 11.170.000 | 28.700.000 | 38.335.010 |
| Samkomuhús | 23.960.000 | 67.350.000 | 12.452.000 |
| Ráðhús | 12.413.000 | 36.900.000 | 11.571.151 |
| Annað húsnæði | 4.912.600 | 12.284.500 | 25.083.523 |
| Hafnarmannvirki | | 386.400.000 | 98.891.710 |
| Jarðir og ræktað land | 23.010.000 | 0 | 21.592.193 |
| Íbúðir aldraðra | 107.671.000 | 217.350.000 | 173.900.528 |
| Leiguíbúðir | 79.831.000 | 161.010.000 | 113.235.138 |
| | 377.560.100 | 1.245.828.500 | 813.206.704 |

## Eignarhlutar í félögum

7. Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

| | | A-hluti | | Samantekið |
|---|---|---|---|---|
| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð | Bókfært verð |
| Eignarhlutar í félögum: | | | | |
| Sorpurðun Vesturlands | 6,70% | 1.494.000 | 1.494.000 | 1.494.000 |
| Eignarhaldsfélag Vesturlands | 3,75% | 2.673.476 | 2.673.476 | 2.673.476 |
| Landskerfi bókasafna | 0,18% | 252.432 | 252.432 | 252.432 |
| Jeratún ehf | 27,80% | 139.393 | 1.396.389 | 1.396.389 |
| | | 4.559.301 | 5.816.297 | 5.816.297 |

## Skammtímakröfur

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| 8. Niðurfærsla í ársbyrjun | 9.310.000 | 731.372 | 10.041.372 |
| Bakfærð niðurfærsla á árinu | ( 2.500.000) | ( 581.372) | ( 3.081.372) |
| | 6.810.000 | 150.000 | 6.960.000 |

# Skýringar

## Eigið fé

9. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 263.766.162 | 16.456.182 | 280.222.344 |
| Vatnsveitukerfi selt og breyting á viðskiptareikning aðalsjóðs | 0 | ( 44.158.612) | ( 44.158.612) |
| Hagnaður (tap) ársins | 13.972.568 | 1.634.194 | 15.606.761 |
| Eigið fé 31.12 2005 | 277.738.730 | ( 26.068.236) | 251.670.493 |

## Skuldbindingar

10. Eftirlaunaskuldbinding:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs | 27.663.633 | 0 | 27.663.633 |
| Breyting á árinu | 4.314.426 | 0 | 4.314.426 |
| | 31.978.059 | 0 | 31.978.059 |

11.

Sveitarfélög á Snæfellsnesi stofnuðu einkahlutafélag sem heitir Jeratún ehf. á árinu 2004. Tilgangur félagsins er bygging og útleiga á Fjölbrautarskóla Snæfellinga. Jeratún ehf. tók lán vegna byggingar skólans og eftirstöðvar þessara lána er 460 milljónir króna í árslok 2005, Grundarfjarðarbær er í ábyrgð fyrir 27,8% af þessari fjárhæð eða 128 milljónum króna í árslok 2005.

## Langtímaskuldir

12. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| Skuldir í íslenskum krónum | 359.087.259 | 353.922.833 | 713.010.092 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | ( 38.450.453) | ( 12.782.088) | ( 51.232.541) |
| Langtímaskuldir í árslok | 320.636.806 | 341.140.745 | 661.777.551 |

13. Afborganir af langtímaskuldum í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 38.450.453 | 12.782.088 | 51.232.541 |
| Afborganir 2005 | 36.271.667 | 12.802.485 | 49.074.152 |
| Afborganir 2006 | 36.271.667 | 12.823.086 | 49.094.753 |
| Afborganir 2007 | 34.036.306 | 12.843.893 | 46.880.199 |
| Afborganir 2008 | 30.737.210 | 12.864.909 | 43.602.119 |
| Afborganir síðar | 183.319.956 | 289.806.372 | 473.126.328 |
| | 359.087.259 | 353.922.833 | 713.010.092 |

# Skýringar

## Önnur mál

14. Sveitarfélagið hefur keypt frjálsa ábyrgðartryggingu og nemur bótafjárhæðin allt að 150 milljónum króna.

## Kennitölur

| | A-hluti | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2005 | Áætlun | 2005 | Áætlun |
| 15. **Í hlutfalli af rekstrartekjum** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 52,87% | 53,49% | 44,50% | 46,24% |
| Annar rekstrarkostnaður | 34,29% | 32,86% | 37,30% | 35,46% |
| Rekstargjöld samtals | 91,98% | 90,46% | 87,81% | 87,38% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 4,71% | 4,89% | 9,18% | 9,32% |
| Rekstrarniðurstaða | 3,32% | 4,65% | 3,01% | 3,30% |

| | A-hluti | | B-hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2005 | 2004 | 2005 | 2004 |
| 16. **Í þúsundum króna á íbúa** | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 356 | 315 | 0 | 0 |
| Aðrar tekjur | 76 | 62 | 84 | 78 |
| Tekjur samtals | 433 | 377 | 84 | 78 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | 418 | 383 | 99 | 81 |
| Rekstrarniðurstaða | 14 | (6) | (15) | (3) |
| Eignir | 779 | 665 | 436 | 515 |
| Eigið fé | 285 | 281 | (27) | 18 |
| Skuldir | (494) | (384) | (462) | (497) |
| Peningaleg staða | (337) | (234) | (433) | (476) |

| | A-hluti | | B-hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2005 | 2004 | 2005 | 2004 |
| 17. **Aðrar lykiltölur** | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask. | 0,65 | 0,50 | 1,98 | 0,19 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 0,37 | 0,42 | -0,06 | -0,03 |

18. **Íbúafjöldi**

| | |
|---|---|
| Í ársbyrjun | 938 |
| Breyting á árinu | 36 |
| Í árslok | 974 |

# Bæjarstjórn og nefndir í maí 2006



## Bæjarstjórn
Sigríður Finsen, forseti
Ásgeir Valdimarsson
Dóra Haraldsdóttir
Emil Sigurðsson
Garðar Svansson
Gísli Ólafsson, varaforseti
Guðni E. Hallgrímsson

## Bæjarráð
Guðni E. Hallgrímsson, formaður
Dóra Haraldsdóttir, varaformaður
Emil Sigurðsson

## Endurskoðendur
Deloitte ehf.
Jónas Gestur Jónasson
Guðlaugur Guðmundsson

## Kjörnir skoðunarmenn
Eiður Örn Eiðsson
Ólöf Hildur Jónsdóttir

## Yfirkjörstjórn/kjörstjórn
Þorvarður Már Sigurðsson, formaður
Mjöll Guðjónsdóttir
Þórunn Kristinsdóttir

## Fræðslu- og menningarmálanefnd
Eðvarð F. Vilhjálmsson, formaður
Friðrik Tryggvason
Höskuldur Reynir Höskuldsson
Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir
Þórey Jónsdóttir

## Umhverfisnefnd
Ólafur Tryggvason, formaður
Guðni Guðnason
Kristín Pétursdóttir
Ólafur Guðmundsson
Þórður Magnússon

## Íþrótta- og tómstundanefnd
Dóra Aðalsteinsdóttir, formaður
Jón Björgvin Sigurðsson
Ragnhildur Högnadóttir

## Húsnæðisnefnd
Unnur Birna Þórhallsdóttir, formaður
Eygló B. Jónsdóttir
Hrund Hjartardóttir

## Hafnarstjórn
Runólfur Guðmundsson, formaður
Gísli Ólafsson
Smári Björgvinsson

## Byggingarnefnd leikskóla
Gísli Ólafsson
Þorsteinn Friðfinnsson

## Hitaveitunefnd
Ásgeir Valdimarsson
Gísli Ólafsson

## Jafnréttisnefnd
Fulltrúar í bæjarráði

Útgefandi:
Grundarfjarðarbær 2006

Umsjón:
Helga Hjálmrós Bjarnadóttir

Ljósmyndir:
Sverrir Karlsson, Mats Wibe Lund, Davíð Sigurðsson,
Kristín H. Haraldsdóttir, Alfons Finnson og Gunnar Kristjánsson
auk starfsmanna Grundarfjarðarbæjar.

Forsíðumynd tók Steinunn Hauksdóttir

Umbrot: Steinprent ehf.

Prentun: Samskipti ehf.

Skýrslan er prentuð á Galerie Art pappír sem hefur verið yfirfarinn af vottunaraðilum Svansins, norræna umhverfismerkisins.

Grundarfjarðarbær er aðili að Green Globe 21, sameiginlegu umhverfisvottunarverkefni sveitarfélaganna á Snæfellsnesi.

**Grundarfjarðarbær**